




Prifalegu ruslaföturnar

Gott úrval gerða og lita.

ORMSSON

PRISTUR

HAFNARSTRÆTI 12 · ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751



VESTFIRÐINGUR

— 1. FEBRÚAR 2018 —

2. tölublað
2. árgangur



Þorrablót í Súðavík

Um síðustu helgi var haldið 79. þorrablótið í Súðavík í íþróttahúsinu. Blótið var mjög vel sótt og mættu um 140 manns. Margt var til skemmtunar og fluttur var annáll þorpsins og kennd þar ýmissa grasa – bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Lokaatriðið var tilkomumikið og var flutt að níu manna stórhljómsveit. Hana skipuðu talið frá vinstri til hægri: Pétur Markan, Mugison, Karlotta Dúfa, Margrét, Hanna Boswall, Michelle og Eggert. Tveir hljómsveitarmeðlima sjáast illa en þeir eru Garðar Þór Elísson og Þorsteinn Haukur Þorsteinsson. Að blóti loknu hófst dansleikur þar sem Þórunn og Halli spiluðu og sungu og héldu uppi fjörinu.

Teigsskógur
tefst




Nýtt
þjónustuhús



Eyðibýggð



 Íslenskir endurskoðendur
Vestfjörðum ehf

Pollgötu 2, 400 Ísafirði, www.isend.is
Sími 456-2200, Netfang: bjarki@isend.is

 **VERK VEST**

Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

 **GÖX HÚSASMÍÐI EHF**

Bolungavík
☎ 8939362 - 6901060 - 4567080

Vinnupjarkar

Þýsk og japönsk gæðavara



Weycor AR65e
þyngd 5150kg
 vél: Deutz (vatnskæld)
54KW (73hó)

Hanix H27DR
þyngd 2825kg
 vél: Kubota
14,4KW (19hó)

Til sjós eða lands
Við græjum það



ÁSAFL
asafi.is

HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI

Opð 8:30 - 17:00 virka daga - Sími: 562 3833

Fuglavernd:

Áskorun til fjárlaganefndar Alþingis um náttúrustofur

Stjórn Fuglaverndar harmar niðurskurð á fé til náttúrustofa. Stjórnin skorar á fjárlaganefnd, að auka framlag til stofanna. Á stofunum eru unnar þýðingarmiklar grunnrannsóknir á lífríki Íslands. Í því sambandi vill stjórn Fuglaverndar benda á mikilvægt hlutverk stofanna við vöktun stofna bjargfugla og lunda. Stofnar nær allra sjófugla sem verpa á Íslandi hafa átt undir högg að sækja og þeir hafa minnkað á undanförunum árum. Rannsóknir og vöktun eru forsenda þess að skilja hvað ráði þessari fækkun og hvernig tryggja megi vernd

þessara fugla. Náttúrustofurnar hafa verið leiðandi við rannsóknir á sjófuglum og mikilvægt að geta þeirra á því sviði verði ekki skert! Það er óforsvaranlegt, nú þegar Íslendingar eru í fararbroddi í alþjóðlegu loftslagssamstarfi eins og Arctic Circle, að skerða rekstur náttúrustofanna.

Um Fuglavernd Fuglavernd eru frjáls félagsamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Bolungavík:

ÚTLENDINGAR HELMINGUR VINNUAFLSINS

Hrund Karlsdóttir, formaður Verkalyðs- og sjómannafélags Bolungavíkur segir að um helmingur þeirra sem greiðir félagsgjald til Verkalyðs- og sjómannafélagsins séu útlendingar. Greiðendur til félagsins eru á bilinu 300 – 400. Af þessum tölum má ráða að nærri helmingur allra starfa í Bolungavík sé unninn af fólki af erlendu bergi brotið, þar sem störfum sem eru utan kjarasamninga Verkalyðsfélagsins hefur mjög fækkað á síðustu árum. Pólverjar eru langflestir



Hrund Karlsdóttir

útlendinganna og hafa sumir þeirra búið mörg ár í Bolungavík og keypt sér húseign. Þá er töluverður hópur fólks frá Tælandi og Filipseyjum.



Ný mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegjar

Skömmu fyrir áramót voru teknin í notkun ný mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegjar.

Byrjað var á verkinu í mars 2017. Ýmis konar frágangsvinnu á þó eftir að vinna og verður lokið við þá vinnu á vormánuðum 2018.

Verkið felst í gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar við Krýsuvíkurveg. Til framkvæmdanna teljast einnig breytingar á Krýsuvíkurvegi,

gerð tengivegar að Suðurbraut og tengivegar að Selhelli. Einnig er innifalinn gerð göngu- og hjólastígs meðfram Suðurbrautartengingu og hraðatakmarkandi aðgerðir á Suðurbraut. Þá er gerð hljóðmana við Reykjanesbraut í Hafnarfirði hluti verksins. Auk þess eru innifaldar breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja og landmótun.

Heildarkostnaður er áætlaður um 1.100 m.kr..



Kiwanisklúbburinn Básar

Starfsemi Kiwanisklúbbsins Básar á Ísafirði var líflega á síðasta ári og studdu félagsmenn við ýmis samfélagsleg verkefni. Mörg þeirra voru undir kjörorðinu börnin fyrst. Verkefnin voru af margvíslegum

toga. Myndin sýnir þegar félagsmenn lagfærðu og unnu að stækkun minningarreits í kirkjugarðinum í Réttarholti. Sigurður Bjarki Guðbjartsson er formaður Básar og sagði hann aðspurður að starfsemi klúbbsins

væri bæði fjölbreytt og öflug. Fyrsta verkefni hvers árs er að standa fyrir nýársfagnaði á Hlíf fyrir eldri borgara og tókst fagnaðurinn í ársbyrjun ljómandi vel eins og endranær.

Teigsskógur:



Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

ÁKVÖRÐUN FRESTAST

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri í Reykhólahreppi segist búast við því að það frestist fram í mars að sveitarstjórn taki ákvörðun um hvort vegur muni liggja um Teigsskóg samkvæmt svonefndri Þ-H leið, eins og Vegagerð ríkisins leggur til eða hvort veglína verði sett í aðalskipulag hreppsins samkvæmt tillögu Skipulagsstofnunar ríkisins sem vill jarðgöng í gegnum Hjallaháls og nýjan veg yfir Ódrjúgsháls. Að sögn Ingibjargar hefur verið stefnt að því að afgreiða málið á febrúarfundi hreppsnefndar sem verður í næstu viku. Það mun nú vera í óvissu þar sem hreppsnefnd þarf meiri tíma. Ingibjörg Birna Erlingsdóttir segir að ætlunin sé að hreppsnefnd hitti samgönguráðherra og inni hann eftir væntanlegum fjárveitingum til verksins. Í framhaldinu verði fundað með bæjarstjórn Vesturbýggðar og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áður en hreppsnefnd Reykhólahrepps tekur endanlega ákvörðun.

Óvissa

Samkvæmt upplýsingum blaðsins Vestfirðingur er alls óvist hverjar lyktir málsins verða. Einn hreppsnefndarmanna, Karl Kristjánsson, varaoddviti hefur lýst vilja til þess að fara jarðgangaleiðina en ekkert er enn vitað um afstöðu annarra hreppsnefndarmanna.

Jarðgöng 13,3 milljarðar króna

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð ríkisins kostar 13,3 milljarða króna að leggja nýjan veg um 20 km leið með jarðgöngum. Sé farin Þ-H leiðin í gegnum Teigsskóg er kostnaðurinn talinn verða um 7,3 milljarða króna. Kostnaðarmunurinn er því 6 milljarðar króna. Ársdagsumferðin um Hjallaháls er um 170 bílar. Gert er ráð fyrir því að umferðin aukist þegar Dýrafjarðargöngin opnast og kominn verður nýr vegur um Dynjandisheiði og að sama skapi minnki umferðin

sem nú fer um Djúpið. Í Ögri eru nýjustu tiltæku tölur 225 bílar ádu. Það er því ljóst að mesta möguleg umferð um nýja veginn verður innan við 400 bílar á dag að jafnaði yfir árið.

Þrisvar sinnum dýrari

Til samanburðar má nefnda að um Vesturlandsveg fara um 8.100 bílar á sólarhring að jafnaði yfir árið eða 20 sinnum meira en gæti mest orðið um Gufudalsveit. Kostnaður við breikkun Vesturlandsvegjar í 1+2 veg er áætlaður 3 – 4 milljarðar króna með hliðarvegum samkvæmt tölum Vegagerðarinnar. Þá er miðað við Kjalarnesið að Hvalfjarðargöngum en ekki Kollafjörðinn. Jarðgangaleiðin í Reykhólasveit er þannig 3 – 4 sinnum dýrari en fyrirhuguð breikkun á Kjalarnesi þar sem umferðin er þó tuttugu sinnum meiri.

TUDOR High Tech rafgeymar.
95 Ah, 800 Amper, öruggt start.
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = Lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VIÐ VELJUM HYBRID 50% RAFDRIFINN

HYBRID

Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálf um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

LEIÐARI

Skipulagsstofnun: krefst sóunar á opinberum fjármunum

Sagan endalausa um vegagerð í Gufudalssveit dregst enn á langinn og hefur þó staðið nokkuð samfleytt frá 2002. Þar er Teigsskógur ásteytingarsteinninn. Tekist hefur að gera andstöðu við veg um jaðar Teigsskógs að sérstöku baráttumáli sem er til sannindamerkis um áhrif umhverfisverndarsinna. Þannig hefur málið sjálft horfið í skuggann af valdabaráttu. Stöðvun framkvæmda um Teigsskóg hefur þannig orðið mælikvarði á völd og áhrif. Samtök eins og Landvernd og ríkisstofnunin Skipulagsstofnun hafa tekið Teigsskóg í gislingu og hafa ótæpilega misbeitt áhrifum sínum og valdi. Meira að segja hefur Skipulagsstofnun svikið nýlegt samkomulag við samgönguráðherra og torveldað vegagerðina.



Löðrungur Vinstri grænna

Skýrasta dæmið til sönnunar því að málefnið sjálft er aukaatriði eru fjölmörg dæmi um tvöfeldni í viðhorfum til umhverfisverndar. Innan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar eru lögin túlkuð á annan hátt en utan þess og reglum beitt eða öllu heldur misbeitt í samræmi við tvöfeldnina. Þetta gerir stöðu Vestfirðinga afar erfiða sem ekki batnar við sívaxandi áhrif öfgakenndra skoðana innan stjórnmálaflokkanna. Þar gengur flokkur forsætisráðherra lengst í því að samsama sig öfgunum og fórnar hiklaust hag veikra byggða til þess að afla fylgis á höfuðborgarsvæðinu þar sem stífustu jaðarskoðanir í umhverfismálum eiga hvað mestan hljómgrunn. Skipun tveggja lykilmanna úr Landvernd í ædstu pólitísku stöður í Umhverfisráðuneytinu staðfesta að flokkurinn vill fjárfesta pólitískt í ýtrustu viðhorfum í umhverfismálum. Vestfirðingar hafa ekki áður verið löðrungaðir verr á ögurstundu en einmitt nú.

Engin umhverfisrök

Staðreyndin er sú að hin efnislegu rök varðandi vegagerð í jaðri Teigsskógs eru fátæklegr og veikburða. Því er helst borið við að það þurfi að vernda birkilendið almennt og sérstaklega í Teigsskógi vegna umfangsmeiri og heilsteyptari gróðurþekju en annars staðar. Þetta fæst ekki staðist þegar opinber gögn eru skoðuð. Fjölmargir birkiflákar á Vestfjörðum eru til og margir þeirra eru stærri en Teigsskógur. Bara í Þorskaflirðinum einum er birkilendið liðlega 2000 hektarar, þar af er Teigsskógur um 670 hektarar (ha). Á Vestfjörðum eru samtals um 30.900 ha. Teigsskógur er bara lítið brot af skóglendinu eða um 2%. Talið er að aðeins 18,9 ha spillist tímabundið vegna vegagerðarinnar. Það er svo litill hlutis birkilendis í Þorskaflirðinum að ekki tekur því að tala um það, að ekki sé minnst á Vestfirðina í heild.

Þá er birkíð í mikilli sókn um allt land vegna hlýnandi veðurfars, en merkilegt nokk, hvað mest á Vestfjörðum. Á 23 ára tímabili frá 1989 til 2012 jókst birkilendi á Vestfjörðum um 4400 ha. Það er eins og gefur að skilja alls konar landssvæði sem hefur bæst við það sem fyrir var. Teigsskógur verður bara eitt af mörgum svæðum sem bæta landið og þykja sérstök. Á hverjum 3 – 4 árum bætist við birkilendi á stærð við Teigsskóg og ný svæði verða til. Þetta mun halda áfram næstu áratuginna svo mikið er víst. Náttúrufræðilegu rökin eru einfaldlega ekki frambærileg.

Engin kostnaðarrök

Þá er heldur ekki að finna neitt haldreipi gegn vegagerð um Teigsskóg í kostnaðinum. Þvert á móti þá krefjast allir helstu andstæðingar Teigsskógsleiðarinnar að farin verði önnur leið sem kostar nærri tvöfalt meira. Þetta er krafa Skipulagsstofnunar og Landverndar. Þegar framkvæmdastjóri Landverndar er orðinn umhverfisráðherra fyrir flokk forsætisráðherra er það yfirlýsing þess efnis að forsætisráðherrann og flokkur hans styður kröfuna um milljarða króna óþarfa útgjöld.

Teigsskógsleiðin kostar um 7,3 milljarða króna sem er mikið fé fyrir 20 km veg. En krafa Skipulagsstofnunar og fleiri um jarðgöng í gegnum Hjallaháls þýðir að kostnaðurinn verður um 13,3 milljarðar króna. Viðbótarútgjöldin eru 6 milljarðar króna.

Þessir peningar liggja ekki á lausu hjá ríkinu. Krafa um dýrari leið þýðir að framkvæmdum verður ýtt til hliðar. Fyrir 6 milljarða króna má gera mikið í vegamálum. Sem dæmi þá kosta ný mislæg gatnamót í Hafnarfirði 1,1 milljarða króna og breikkun Vesturlandsvegar í 1+2 veg kostar 3 – 4 milljarða króna. Það væri hægt að borga báðar þessar framkvæmdir fyrir umframútgjöldin sem krafist er. Málið er enn verra þegar litið er til umferðarinnar. Umferðin í Gufudalssveit er um 170 bílar á dag að jafnaði og gæti aukist upp í 300 – 350 bíla. Til samanburðar á fara um 8.100 bílar á dag að jafnaði um Vesturlandsveg og þar er daglega kallað á úrbætur.

Ábyrgðarleysi

Það á að fara vel með opinbert fé. Það lýsir miklu ábyrgðarleysi að ætla að eyða 6 milljörðum króna meira í eina framkvæmd en nauðsynlegt er. Sérstaklega er það alvarlegt þegar opinber stofnun eins Skipulagsstofnun ríkisins setur fram þessa kröfu. Það er slíkt ábyrgðarleysi af forstöðumanni stofnunarinnar að við það verður ekki unað. Slíkt verður að hafa afleiðingar. Nú liður að því að 5 ára ráðningartími fóstöðumanns rennur út. Það á að auglýsa starfið og ráða annan og ábyrgari í það.

Kristinn H. Gunnarsson

2. tölublað

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630, netfang: kristinn@kristinn.is. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. Dreifing: Ísafoldarpostur. Vefútgáfa PDF: www. fotspor.is

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM

Ályktun frá Þingeyrarakademíunni:

Sveinseyrarflugvöllur gæti orðið kórónan í samgöngum á Vestfjörðum!

Þingeyrarakademían beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðamanna að skoða nú vel og vandlega hvort aðalflugvöllur fyrir Vestfirði sé ekki best staðsettur á Sveinseyrarodda í Dýrafirði. Athugun fór þar fram á vegum Flugmálastjórnar fyrir all mörgum árum, veðurathuganir og fleira. Síðan hefur ekkert heyrst um það mál.

„Það væri vissulega fróðlegt að fá Sveinseyrarflugvöll inn í umræðuna í dag. Þar er miklu meira rými og opnara en ég veit um annars staðar á norðanverðum Vestfjörðum. Og ekki þarf að efast um undirstöðuna. Sennilega er hvergi betri aðstaða fyrir millilandaflug. Það þýðir að hægt væri að fljúga þangað millilíðalaust með erlent ferðafólk. Og fljúga svo þaðan með ferskan fiskinn, til dæmis lax og silung, beint á erlenda markaði. Um það var reyndar talað á sínum tíma.“

Svo mælti vestfirski vegagerðarmaðurinn Guðmundur St. Gunnarsson fyrir nokkru í viðtali á Þingeyrar-



Þingeyrarakademían

vefnum. Guðmundur hefur flogið vítt og breytt um Vestfirði í hálfa öld og veit hvað hann er að tala um.

Sunnanverður Dýrafjörður er einhver veðursælasti staður landsins. Dýrafjardargöng og heilsársvegur suður af þeim mun gjörbreyta sam-

göngum á landi á Vestfjörðum. Þær samgöngubætur munu þjappa Vestfirðingum saman. Flugvöllur á Sveinseyri gæti hugsanlega orðið kórónan á því verki.

Vestfirska vísnahornið

Sú dapra fregn barst eftir að síðasta blað Vestfirðings kom út að látinn er Georg Jón Jónsson, bóndi á Kjørseyri við Hrutafjörð. Georg Jón var einn af bestu hagyrðingum Vestfirðinga og senda þættinum oft kveðskap sinn þar sem fjallað var um þjóðmálin á liðandi stundu. Síðast birtust vísur hans í síðasta tölublaði Vestfirðings á nýliðnu ári. Aðstandendum hans eru sendar innlegar samúðarkveðjur og honum þökkun samfylgdin á þessum vettvangi, þar sem hagyrðingar leggja sig fram um að skemmta okkur lesendum með list sinni.

Vikjum nú að þjóðmálunum. Guðmundur Hagalín frá Hrauni á Ingjaldssandi sendi þættinum þessar hugleiðingar fyrir jólnin:

Mér hefur fundist eftirtektarvert hversu stjórnarmyndunarviðræðurnar hafa verið friðsælar og nærgætni stjórnmálamanna meiri í hvers annars garð heilt yfir umfram það sem áður hefur verið. Umræðan yfirvegaðri alls staðar.

Ég velti því fyrir mér hvort forseti vor hafi rætt við forustumenn stjórnmálanna um að breyta sinni hegðun í garð hvors annars og hafa þannig betri áhrif út í samfélagið.

Loksins gæfu stíga skref stjórnmál okkar góða lands. Ekki mikið þras né þref Þó sé fléttun stjórnarbands.

Ætla má að mikill hafi máttur vor á Bessastöðum. Bedið um að bræður grafi bitur tól í öllum röðum

Þessi hegðun flestum færir frið í dimmri vetrar tíð. Allir vinir verða kærir vilja ekki orrahríð.

Biðjum þess að þetta haldi þegar tíminn liður fram. Stjórnmál frekar vinsemd valdi varist fjandans illsku hramm.

Snúum nú stefni inn í Ísafjarðardjúp. Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn, sendi viðamikið ljóðabréf, sem hann setti saman á sólardegi í góðviðrinu um og upp úr síðustu helgi:

Upp á síðkastið hefur dómsmálaráðherra átt stjórnmálasviðið. Byrjum á Kastljósviðtali við Láru Ómarsdóttur við Sigríði rétt eftir áramót.

Orðamörg og ekki greind íhalds sprota skák þó tefli sem verður henni í raun og reynd risavaxið fótakefli.

Allan lýðveldistímann hafa formenn Sjálfstæðisflokksins að Ólafi Thors einum undanskildum verið löglærðir og flokkurinn kappkostað í gegnum dómsmálaráðherra sína að ráða skipan Hæstaréttar og héraðsdómara, sýslumanna og lögreglustjóra. Tilgangurinn er augljós, sem er að hygla sínu fólki og vernda það fyrir óþægilegri hnýsni réttvísinnar; sem sagt Jón og séra Jón. Þjóðin bjó við pólitískt réttarkerfi með ærvissum hneykslismálum og því voru lög frá 2010 um dómarahefnisnefnd sett að ærnu tilefni.

Nú segir formaður nefndarinnar, Jakob R. Möller, sem varla verður sakaður um vinstri slagsíðu og talar til Sigríðar Á. Andersen: „Íslendingar þurfa að ákveða hvort þeir vilja hverfa aftur til fyrirkomulags þar sem skipunarvald við dómstóla réðst af einberum flokkshagsmunum eða stuðst við málefnaleg sjónarmið og þá meginreglu að skipa skuli hæfasta umsækjandann hverju sinni.“ Og nú þarf forsætisráðherra að halda hlífiskildi yfir þessari vinnukonu sinni, jafnvel veita henni uppreisn æru eins og Bjarni væri ekki nóg.

Margt þurfa Vinstri grænir að láta sér lynda leiðast þeir dýpra út í íhaldsins fen þar sem að Katrín Jacobs sátt virðist synda með Sigríði dómsmálaráðherra Andersen.

Nú hefur raunar varaformaður Vinstri grænna komið með snjalla lausn á þessu vandamáli. Kynda bara hægt undir og rólega undir stólnum hjá Sigríði uns hún helst þar ekki við lengur.

Samúð hjá mér Sigga vekur sem að stefnir beint í slark. Undir henni hlýna tekur

hundrað er víst suðumark.

Dómsmálaráðherra á eflaust eftir að verða kveðskaparefni áfram.

Vegna greinar Kristins H. Gunnarssonar í Morgunblaðinu og ritstjórnargreinar hér í Vestfirðingi um að útgerðarauðvaldið væri komið á stera í græðgi sinni má rifja hér upp gamla vísu, sem oftast er kennd Bólu Hjálmaris:

Það er dauði og djöfuls nauð ef dyggðasnaúðir fantar safna auð með augun rauð en aðra brauðið vantar.

Það er víðar en í útgerðinni sem pilsfaldakapitalistar láta að sér kveða. Nefnd skipuð af Illuga Gunnarssyni undir formennsku fyrrverandi ritstjóra Viðskiptablaðsins Björgvin Guðmundssyni skilaði á dögunum skýrslu um bjargráð til handa einkaðilum svo sem Morgunblaðinu og Stöð2. Þar er helst að svipta RÚV auglýsingatekjum að ríkið rétti þessum einkareknu miðlum milljarð króna úr ríkissjóði og heimili áfengis- og tobaksauglýsingar.

„Sjá vor ráðin sönn og fín“ segir hægri apinn. Nú skal breiða út brennivín og bæta í drykkjuskapinn.

Nú er Þorri og best að enda með víðeigandi visu sem ég símsendi til Ingu undrakonu frá Hríshóli, sem var föstudaginn fyrsta í þorra að leggja á Bröttubrekku á leið til þorablóts á Reykhólum kvöldið eftir.

Inga er í ferðum fljót fælist ekki veður ljót. Yfir Brekku upp í mót ætlar sér á þorablót.

Með þessari Þorablótsvísu látum við staðar numið að þessu sinni og þökkum fyrir fengið efni.

Með sólarkefðum að vestan kristinn H. Gunnarsson

Kynning:

ALGJÖR BYLTING

ARCTIC STAR KYNNIR Magnús Friðbergsson mælir heilshugar með Sæbjúgnahylkjunum. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu við strendur Íslands. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti, eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir Magnús.

Magnús sem er 65 ára gamall í dag hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkjá á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“



JÁKVÆÐ ÁHRIF

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald.
- Að minnka verki í liðum og liðamótum.
- Að byggja upp brjós og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns.

FINNUR MIKINN MUN

Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin.

MYND/GVA

UPPLÝSINGAR

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í Lyfju og í Apótekinu. Hagkaupum og Fjarðarkaupum.

Creditinfo:

Nafn	Aðsetur -	Aðsetur	Arðsemi eigin fjár	Arðsemi eigna	Rekstrarhagn	Eigið fé alls	Skuldir alls	Rekstrartekjur alls
Oddi hf.	450	Patreksfirði	22,6%		247.608	1.266.834	2.214.876	2.194.682
A.Ó.A.Útgerð hf.	400	Ísafirði	27,3%		69.530	187.810	134.088	111.448
Endurskoðun Vestfjarða ehf.	415	Bolungarvík	33,4%		31.726	82.453	32.677	154.072
Birnir ehf.	415	Bolungarvík	6,6%		46.501	275.143	202.855	66.243
Garrautgerðin ehf.	460	Tálknafirði	9,6%		16.809	94.780	64.813	46.698
Vestri ehf.	400	Ísafirði	9,0%		11.679	91.785	34.280	55.284
Dress up games ehf.	400	Ísafirði	3,3%		13.423	161.247	12.823	37.883
Vélsmiðjan Þristur ehf.	400	Ísafirði	6,0%		3.850	35.819	91.264	187.021

Framúrskarandi fyrirtæki á Vestfjörðum

Creditinfo veitti fyrir nokkrum dögum nokkrum fyrirtækjum viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í rekstri. Átta fyrirtæki á Vestfjörðum fengu viðurkenningu sem var afhent við athöfn í Hörpu í Reykjavík. Í fréttatilkynningu frá Creditinfo segir að skilyrðin fyrir viðurkenningu séu:

- Hafa skilað ársreikningum til

- RSK síðustu þrjú ár
- Vera í lánshæfisflokki 1-3
 - Minna en 0,5% líkur á alvarlegum vanskilum
 - Að sýna rekstrarhagnað (EBITA) þrjú ár í röð
 - Að ársniðurstaða sé jákvæð þrjú ár í röð
 - Rekstrarform ehf., hf. eða svf.
 - Eiginfjárlutfall sé 20% eða

- meira þrjú rekstrarár í röð
- Að eignir séu 90 milljónir eða meira þrjú ár í röð
 - Skráður framkvæmdastjóri í hlutafélagaskrá
 - Að vera virkt fyrirtæki skv. greiningu Creditinfo
- Fjögur fyrirtækjanna eru á Ísafirði, en eignamesta og tekjuhæsta fyrir tækið er Oddi hf á Patreksfirði.

Sturtuveisla!



Sturtuhurðir Breidd 70, 80 og 90 cm. Hæð 190 cm. Verðdæmi 70cm. 29.544



Sturtuhorn Stærðir 70 x 70 cm. 80 x 80 cm. 90 x 90 cm. Hæð 195 cm. Verðdæmi 70x70 cm. 30.500



Sturtuvængir með lyftilöm Stærðir 70 x 70 cm. 80 x 80 cm. 90 x 90 cm. 100 x 100 cm. Hæð 190 cm. Verðdæmi 70x70 cm 29.600



Verðdæmi 80 x 80 cm rúnnaður 45.900

Laus svunta


Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja. Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm. Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.



Sturtuhorn með botni Stærðir 80 x 80 cm. 90 x 90 cm. Hæð 195 cm. Verðdæmi 80x80 cm. 35.900



Sturtuhorn Stærðir 80 x 80 cm. 90 x 90 cm. Hæð 195 cm. Verðdæmi 80x80 cm. 32.107



8 mm. hert öryggisgler með festingum Stærð 70 - 120 cm. Hæð 200 cm. Verðdæmi 70 cm. 26.190

Gæði, úrval og gótt verð!

Opið virka daga frá 9 til 18 laugardaga 11 - 15 Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimil

Bolungavík:



NÝTT ÞJÓNUSTUHÚS

Nýtt þjónustuhús í Bolungavík verður að fullu opnað með vorinu. Þjónustuhúsið er byggt við Íþróttamiðstöðina Árbæ og verður innangengt frá þjónustuhúsinu inn í íþróttamiðstöðina. Húsið er um 80 m² og áætlaður kostnaður er um 20 milljónir króna.

Hlutverk þessa þjónustuhúss er tvíþætt. Annarsvegar er þetta aðstaða fyrir gesti tjaldsvæðisins, þegar það er opið frá maí til september. Húsnæðið mun stórauka þjónustu við gesti tjaldsvæðisins og mun það jafnframt bæta aðgengi að sundlaugarsvæðinu til muna, en hingað til hafa gestir þurft að ganga hringin í kringum húsið til að komast í sund. Þjónustuhúsið fyrir tjaldgesti verður opið allan sólahringinn og verða þar auk salernisaðstöðu, aðstaða í sal til að setjast niður og borða mat og nesti. Hægt verður að komast í aðstöðu til að þvo ásamt því að eldunaraðstaða verður fyrir gesti. Að sögn Jóns Páls Hreinssonar, bæjarstjóra verður tjaldsvæðið í Bolungarvík eitt af bestu og áhugaverðustu tjaldsvæðum á svæðinu með tilkomu þjónustuhússins og skiptir nálægðin við sundlaugina þar miklu máli. „Reynsla annarra tjaldsvæða af slíkum þjónustuhúsum er góður og hefur án undantekninga gestaþjöldi aukist og þá jafnframt tekjur tjaldsvæðisins. Það eru því væntingar um að þessi fjárfesting muni koma hratt tilbaka með auknum ferðamannafjölda til Bolungarvíkur sem mun styrkja aðra ferðaþjónustu og verslun í bænum. Auk þess munu tekjur tjaldsvæðisins aukast og ef tekin eru mið að öðrum tjaldsvæðum sem bjóða uppá hliðstæða þjónustu, þá munu þau margfaldast á næstu árum“ segir Jón Páll Hreinsson.

Hitt hlutverk þjónustuhússins er að húsnæðið nýtast bæjarbúum og notendum Íþróttamiðstöðvarinnar á veturna. Gunnar Hallsson, forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar Árbær segir að nýi salurinn verður nýttur sem þreksalur þar sem hægt er að stunda margvíslegar æfingar sem ekki þarfnast þartilgerðs tækjabúnaðar eins og hlaupabretta eða mikilla lóða. Þörfin fyrir slíka aðstöðu hefur aukist mikið undanfarið ár, þar sem æfingar sem byggja á hreyfingu og eigin líkamsþyngd eru í fyrirrúmi. Salurinn hefur þegar verið tekin í notkun fyrir slíkar æfingar



Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri



Gunnar Hallsson, forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar Árbær er vinstra megin á myndinni og með honum er Guðjón Þorsteinsson.

og og er sérlega hentugur fyrir eró-bikk og jógaíðkun. Salurinn verður því í mikilli notkun allt árið og færir hann aukið líf í húsið sem þó var mikið fyrir.

Samhliða þessum breytingum þá er verið að breyta þreksal sem staddur er á efri hæð í Íþróttamiðstöðinni. „Verið er að fjárfesta í nýjum tækjabúnaði í stað þess sem er úr sér gengin og verið er að bæta við lóðum, hlaupabrettum og öðrum búnaði sem nýtist til líkamsræktar í þessu Musteri vatns og velliðunnar okkar Bolvíkinga. Eftir þessa upp-færslu verður þreksalur á efri hæð í stakk búin til að taka við þeirri fjölgun sem átt hefur sér stað á síðustu árum og ekki sér fyrir endan á“ segir Gunnar Hallsson.



Hvað má bjóða þér?

Hentugar leigulausnir á atvinnubílum og tækjum fyrir fyrirtæki.

Við hjá Ratio bjóðum upp á nýja og nýlega sendiferðabíla til rekstrarleigu.

Bílarnir okkar eru af öllum stærðum og gerðum svo þú ættir hæglega að geta fundið þann sem hentar þínum rekstri. Með rekstrarleigu þarftu ekki að reiða fram háar fjárhæðir eða taka stór lán. Áhættan á endursölu er engin og óvæntur viðhaldskostnaður hverfur.

Viðskiptavinum okkar stendur einnig til boða hagstæð leiga á byggingarkrönum, vörubifreiðum, vinnuvélum og öðrum atvinnutækjum.

Frá upphafi höfum við haft það að leiðarljósi að stunda skynsöm og milliliðalaus viðskipti við erlenda birgja. Þannig höldum við leiguverði til viðskiptavina í lágmarki.





Ísafirðingar í Færeyjum 1949, í rauðum skyrtum með hvítum ermum: Í aftari röð: Guðmundur Ingibjartsson (2), Garðar Hinrikson (6), Loftur Magnússon (8), Guðmundur Benediktsson (10), Jens Sumarliðason (13). Fremri röð: Guðmundur Í. Guðmundsson (1), Albert K. Sanders (3), Friðrik Bjarnason markvörður (5), Rögnvaldur Þórðarson (7), Albert Ingibjartsson (9).

Catalina flutbátur Flugfélags Íslands kemur inn til lendarar á Pollinum. Skýfaxi flaug beint frá Ísafirði til Færeyja, með millilendingu á Reyðarfirði, með hóp íþróttamanna árið 1949.



© Ljósmyndasafnið Ísafirði

ÍSFIÐSKIR ÍÞRÓTTAMENN HEIMSÆKJA FÆREYJAR ÁRIÐ 1949

Kaflur úr bókinni Knattspyrnusaga Ísafirðinga eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing.

Fyrsta hópferð ísfrskra íþróttamanna var farin til Færeyja sumarið 1949. Ferðin var upphaf áratuga langrar vináttu Vestfirðinga og Færeyinga á sviði íþróttar. Flugíþróttafólks frá Ísafirði til Færeyja var jafnframt fyrsta utanlandsflug frá Ísafirði og fyrsta flugvélin sem kom til Færeyja eftir að heimsstyrjöldinni lauk 1945. Í þessum kafla segir frá þessari sögulegu utanlandsferð.

Lagt upp frá Ísafirði

„Skýfaxi lenti á Pollinum á Ísafirði að morgni sunnudagsins 3. júlí í fegursta veðri og var lagt við baujuna á Pollinum. Flugstjórnin, Anton Axelsson, og aðrir áhafnarmedlimir komu strax í land, til að aðstoða við afgreiðsluna og ganga frá hleðsluskránni, eins og venja var. Engar vogir voru til á afgreiðslu Flugfélagsins til þess að vigta farþega og farangur. Farþegarnir voru því boðaðir í pakkrúmið í Kaupfélagi Ísafirðinga, þar sem afgreiðslumennirnir höfðu komið sér upp nauðsynlegri aðstöðu... Nú þurfti að vigta hvern farþega og til þess var notuð lítill baðvog. Farangur hvers farþega var einnig vigtaður nákvæmlega á litla desimalvog. Hver farþegi mátti hafa 20 kíló af farangri, ekki gramm fram yfir.“

Þannig lýsir Jón Páll Halldórsson upphafi fyrstu utanlandsferðar ísfrskra íþróttamanna í bók sinni Flogið til Ísafjarðar. Þetta var jafnframt fyrsta utanlandsflug frá Ísafirði og fyrsta keppnisferð íþróttamanna utan Reykjavíkur til útlanda. Fjöldi íþróttamanna og fararstjóra takmarkaðist við burðargetu flugvélarinnar. Það var 20 manna hópur sem flaug með Skýfaxa til Færeyja þennan dag með millilendingu á Reyðarfirði. Flugði til Reyðarfjarðar tók tvo tíma og þaðan til Þórshafnar tvo og hálfan tíma.

Í ferðina völdust 17 íþróttamenn, knattspyrnumenn og frjálsíþróttamenn. Frá Herði voru Högni Þórðarson formaður félagsins, Albert Ingibjartsson, Albert Karl Sanders, Guðmundur Benediktsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Guðm. L. Þ. Guðmundsson, Guðmundur Hermannsson, Garðar Hinrikson, Jens Sumarliðason og Þórólfur Egilsson. Frá Vestra voru Friðrik Bjarnason, Guðmundur Danielsson, Guðmundur Ingibjartsson, Halldór Sveinbjörnsson,

son, Loftur Magnússon, Magnús Guðjónsson og Sigurður B. Jónsson. Fararstjóri var Sverrir Guðmundsson bankagjaldkeri, þjálfari flokksins var Bjarni Bachmann íþróttakennari og tuttugasti farþeginn var Finnur Finnsson formaður Vestra.

Það voru íþróttafélögin B 36 og Havnar Boltafélag í Þórshöfn sem voru gestgjafar Ísfrðinga. Heimsóknin vakti mikla athygli og hópust hundruð Þórshafnarbúa niður að höfninni þegar flugvélin lenti, til að taka á móti hópnum. Ísfrðingar háðu keppni við heimamenn í frjáls- um íþróttum og knattspyrnu. Fyrsti leikur knattspyrnuliðsins var gegn HB og unnu Ísfrðingar naumlega 3-2. Annar leikurinn var gegn B 36 og þar náðu heimamenn að svara fyrir sig og siguðu 3-2. Aftur var leikið gegn B 36 á hörðum sandvelli í Vogum og unnu Ísfrðingar þann leik 4-0. Síðasti leikurinn var gegn úrvalsliði Þórshafnarliðanna og sigruðu heimamenn verðskuldað 1-0. Finnur Finnsson formaður Vestra ritaði ferðasögu sem birtist í blaðinu Skutli árið 1949. Þar segir um komuna til Þórshafnar:

Ferðasaga Finns Finnssonar:

„Strax, þegar flugvélin var sett, komu eyjarskeggjar til móts við okkur á hinum sérkennilegu róðrabátum sínum og fluttu okkur til lands. Meðfram höfninni höfðu safnast saman hundruð manna og hefir fólkinu sjálfsgagt leikið forvitni á að sjá ný andlit eins og gengur og gerist, og svo var þetta fyrsta íslenszka sjóflugvélin, sem lendarir í Færeyjum og fyrsta flugvélin, sem lendarir í Þórshöfn eftir stríðið.

Við vorum boðnir velkomnir af formönnum íþróttafélaganna B 36 og HB, og vísuðu þeir okkur á veitingahúsið, þar sem við áttum að matast. Maturinn var mikill og góður og að máltíð lokinni var okkur vísað á náttstað í barnaskólanum, sem er stór bygging úr grástein, eins og Alþingishúsið okkar. Fyrsta kvöldið notuðum við til að litast um í bænum. Mér fannst Þórshöfn einkar vinalegur bær... Um kvöldið var okkur boðið á dansleik, þar sem 7 manna hljómsveit lék fyrir dansinum enska og ameríska



Sverrir Guðmundsson bankamaður og formaður ÍBÍ var fararstjóri hósins í Færeyjum.

„slagara“, og fannst mér dans Færeyinga fjörugur og lítið skeitt um smá árekstra á gólfinu. Fólkið reykti mikið, ekki síður konur en karlar, og þótti mér nóg um. Stúlkurnar eru minna málaðar en þær íslenszku og berast ekki eins mikið á í klæðnaði.

Þriðjudaginn 5. júlí átti fyrsti kapp-leikurinn að fara fram og biðum við dagsins fullir eftirvæntingar. Félagið H. B. átti að leika á móti okkar liði og kl. 18,30 hófst athöfnin með því að lúðrasveit lék marsa og knattspyrnuliðin gengu inn á völinn með fána sína í fararbroddi. Þjóðsöngvarnir voru leiknir og heilsað með fánakveðju og var öll athöfnin hin virðulegasta. Um þennan fyrsta leik má segja það, að okkar menn léku yfirleitt betur saman og áttu meira í leiknum. Þegar fyrri hálfleikur var um það bil að enda tókst H. B. að skora mark, eftir snarlegt upphlaup. Þegar 8 mín. voru liðnar af síðari hálfleik tókst Magnúsi Guðj. að skora mark en 5 mín. síðar gerði H. B. annað mark sitt. Það fór þó svo að okkar mönnum tókst að jafna metin og vel það, því leiknum lauk með sigri Ísfrðinga 3:2. Síðari mörkin skoruðu Jens Sumarliðason og Magnús. Þetta var yfirleitt jafn leikur og ákaflega spennandi á köflum, og voru hin snörpu upphlaup Færeyinga mjög hættuleg okkar mönnum, en þeir unnu á betri samleik...

Daginn eftir fór svo fram fyrsta keppnin í frjáls- um íþróttum og voru það mun ójafnari leikar heldur en í knattspyrnunni og voru það okkur vonbrigði. Hitt vonum við samt, að þessi keppni hafi aukið áhuga Færeyinga fyrir frjáls- um íþróttum...

Föstudaginn 8. júlí fórum við í minnistæða ferð til Kirkjubæjar, ættarseturs Jóhannesar Patursonar, hins

þekhta stjórnmálamanns og leiðtoga Færeyinga í sjálfstæðisbaráttu þeirra. Frá Þórshöfn til Kirkjubæjar er tæpur 1 klst. akstur. Bærinn stendur við sjó og fyrir ofan hann er 300 m hátt fjall. Úr þessu fjalli var okkur sagt að eitt sinn hafi fallið snjóskriða og sópað burtu bænum, en hann var þó byggður upp á sama stað. Elsti sonur Jóhannesar Patursonar, Páll, situr nú jörðina Kirkjubæ, en móðir hans, kona Jóhannesar, er íslenszku og býr hún hjá syni sínum. Páll bóndi sýndi okkur staðinn og sagði okkur sitt hvað um sögu hans. Páll er hár og myndarlegur maður, á að gizka milli fimtugs og sextugs, og var hann klæddur þjóðbúningi Færeyinga...

Á laugardag var keppt í knattspyrnu við B 36. Veður var slæmt, og rigndi mikið. Í fyrri hálfleik skoruðu þeir Halldór Sveinbj. og Guðm. L. Þ. Guðm. sitt markið hvor, en þegar 10 mín. voru liðnar af síðari hálfleik fengu okkar menn á sig víta- spyrnu, sem úr varð mark og við það fataðist þeim og fengu á sig tvö mörk eftir það. Leiknum lauk því með sigri B 36 með 3:2, og voru þeir vel að þeim sigri komnir.

Daginn eftir var okkur boðið til Miðvogs á „Vogahátíðina“. Þar kepptu Ísfrðingarnir aftur við B 36 og fór leikurinn fram á hörðum sandvelli. Okkar menn sigruðu að þessu sinni með 4:0. Um kvöldið tókum við þátt í færeyskum þjóðdansi, sem er svipaður og víkivaki okkar, og syngja þáttakendur óendanleg ljóð um Ólaf Tryggvason og fleiri söguhetjur meðan þeir dansa. Seinna var svo leikið á harmoniku og dansað á götunni og skemmtu menn sér hið bezta til kl 1 um nóttin, en þá var haldið til Þórshafnar aftur. Hafði okkur verið komið fyrir um daginn í heimahúsum og rómuðu allir hina r höfðinglegu móttökur Vogamanna. Á mánudag var keppt í frjáls- um íþróttum, og unnu Ísfrðingar í öllum greinum...

Að endingu keppti knattspyrnuliðið okkar við úrval úr félögunum H. B. og B 36. Sá leikur var mjög jafn og tvísýnn og í fyrri hálfleik skoruðu Færeyingar mark. Tókst ekki að jafna metin, og unnu því Færeyingar bikar þann, sem um var keppt. Var það fagur bikar. Á miðvikudag bauð bæjarstjórn Þórshafnar okkur til veizlu og var þar veitt af mikilli rausn og margar ræð-



ur fluttar. Af okkar hálfu flutti fararstjórnin, Sverrir Guðmundsson, aðalræðuna, en bæjarstjóri Þórshafnar, Kjartan Mohr, ávarpaði okkur. Afhenti hann flokknum fagran silfurbikar að gjöf til minningar um förina, og ræddi um gildi slíkra heimsókna fyrir íþróttir og menningu. Fór hann mjög lofsamlegum orðum um sambúð Íslendinga og Færeyinga. Í veizlunni var sungið ljóð til okkar, ort af hinu góðkunna skáldi Hans A. Djurhuus...

Ég vil að lokum ítreka það, að móttökur Færeyinga voru í hvívetna hinar höfðinglegustu og vildu allt fyrir okkur gera. Verða ísfrzkir íþróttamenn að búa sig vel undir það, að taka rausnarlega á móti Færeyingum, þegar þeir heimsækja okkar bæ, og vonum við að bæjarbúar og bæjaryfirvöld verði íþróttafélögunum hjálpleg í því efni.“

Færeyingar höfðingjar heim að sækja

Færeyjaferðin 1949 stóð í hálfan mánuð. Sólfaxi, annar flugbátur Flugfélagsins, sótti Ísfrðingana til Þórshafnar 17. júlí og fjórum tímum síðar var lent í Reykjavík. Daginn eftir var flogið til Ísafjarðar.

Færeyjaferðin var mjög vel heppnuð. Móttökur Færeyinga voru höfðinglegar, svo sem þeirra er vandi og ferðin lengi í minnum höfð meðal Ísfrðinga. Þegar eftir heimkomuna var farið að ræða um að endurgjalda Færeyingum gestrisnina. Það tækifæri gafst árið 1954 þegar úrvalsliði Þórshafnar kom til Ísafjarðar og lék við knattspyrnulið heimamanna.



SVANUR KRISTJÁNSSON SJÖTUGUR – MÁLPING UM LÝÐRÆÐI

Dann 19. janúar var haldið vel sótt málþing í Háskóla Íslands til heiðurs Ísfríðingnum Svani Kristjánssyni, prófessor í tilefni af sjötugsafmæli hans og starfslokum. Viðfangsefnið var lýðræði og lýðræðisþróun.

Varð það fyrir valinu þar sem Svanur Kristjánsson hefur á sínum starfsferli birt ógrynni rannsókna, látið til sín taka í opinberri umræðu um lýðræði og stjórnmál, og kennt þeim fjölmörgu nemendum sem hafa farið í gegnum stjórnmálafræði um lýðræði, vald, stjórnmálaflokka, jafnrétti, lögmæti, ábyrgð kjörinna valdhafa og lýðræðisþróun, svo fátt eitt sé nefnt.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands var meðal gesta á

málþinginu. Guðmundur Ólafsson, vinur og félagi Svans um áratugaskeið fór með fundarstjórn.

Erindi fluttu:

- Þorvaldur Gylfason - Lýðræði lifir á ljósi.
- Ragnar Aðalsteinsson - Geta ákvæði í stjórnarskrá eftt lýðræðið?
- Þórólfur Þórlindsson - Í víðara samhengi: Nokkur orð um gildi kenninga.
- Eva H. Önnudóttir - Lýðræði og stjórnmál.

Svanur Kristjánsson lauk svo málþinginu með yfirgripsmiklu og fróðlegu erindi sem hann nefndi leitinn að sannleikanum og íslensk stjórnmálafræði.

Eyðibýggð

Árið 1910 voru íbúar við Ísa-fjarðardjúp um 5800 sem var um 6,8% af íbúafjölda landsins. Nú eru þeir tæplega 3900 eða rúmlega 1,1% landsmanna. Þessi fækkun hefur verið jöfn og viðvarandi í eina öld. Eina frávikið þar frá er áratugurinn á milli 1970 og 1980 þá er hlutfallsleg fækkun aðeins 0,02%. Árið 1952 fór Sléttuhreppur í eyði og Grunnavíkurbhreppur um áratug síðar. Enginn býr nú í Snæfjallahreppi og afar fáir í þremur hreppum sem áður voru í Ísafjarðardjúpi. Þessi fækkun mun halda áfram og árið 2050 eða fyrr verður hlutfallið komið niður í 0,25% af íbúafjölda landsins. Þá er að sjá hvort að þeir fáu íbúar sem þá verða eftir taka ekki sama kostinn og gert var í Grunnavík og Sléttuhreppi. Allur hópurinn hefur samtök um að allir flytjist burt í einu. Í þeim sársauka sem fylgdi því að yfirgefa byggðina töldu þeir það einu færnu leiðina. Þá má svæðið allt vera friðland og yfirstjórn og eftirlit þess skapa þónokkur störf á Höfuðborgarsvæðinu.

Er líklegt að svona fari. Já allt bendir til þess. Eitt og sér bendir það sem hér hefur verið sagt ótvírætt í þessa átt.

Vil þó nefna þrjú afgerandi atriði til viðbótar við það sem áður hefur verið nefnt svo allir megi trúna því að svona fer.

Byggðastofnun hefur með skýrslu 2013 reynt að meta stöðugildi ríkis „í víðri merkingu“. Ef teknir eru út fyrir sviga augljósir gallar á þeirri talningu sést að ríkisstafsmenn í Reykjavík eru hlutfallslega fjórum sinnum fleiri en við Ísafjarðardjúp. Ætti hlutfall þeirra ekki að vera það sama um allt land.

Á árunum 1975-1978 voru meðaltekjur skattgreiðenda við Djúp 15-26 % hærri en landsmeðaltal. Aldar-



fjórðungi síðar eru tekjurnar 5 - 10 % fyrir neðan landsmeðaltal og fara lækkanði.

Árið 1991 voru 70% íbúa við Djúp 40 ára eða yngri. Árið 2017 eru um 50 % íbúanna 40 ára eða yngri. Þegar þeim eldri fjölgar hlutfallslega fer það svo að lokum að fólki fækkar.

Ég ætla að þau atriði sem hér hafa verið nefnd hafi meðal annars verið tilefni þess að í september síðastliðnum efndu sveitarfélög og aðrir aðilar til fundar á Ísafirði undir yfirskriftinni FÓLK Í FYRIRRÚMI. Fundurinn var ákall til stjórnvalda um aðgerðir. Þrjú málefni voru sérstaklega fram borin. Fiskeldi í Ísa-fjarðardjúpi, vegagerð um Teigskóg og Hvalárvirkjun. Samkvæmt venju var öllu vel tekið og allir höfðu skilning á þeim brýnu úrlausnarefnum sem þar voru lögð fram. En eins og oft vill verða gerist ekkert meir. Og að öllu óbreyttu mun ekkert gerast. Nýr ráðherra nýrrar ríkisstjórnar fór hér um og sagðist ekkert geta sagt um þessi mál vegna þess að hann þyrfti ef til vill síðar að segja eitthvað um þau. Það má segja að það sé vel að orði komist.

Nú er það mín spurning til fundarboðenda. Hvað nú.

Ég held að það dugi ekkert bæna-kvak. Okkur hér á þessu svæði ber að taka völdin í okkar hendur með þeim hætti að framkvæmdir geti hafst á næstu mánuðum.

*Björgvin Bjarnason
Greinarhöfundur er fyrrverandi
bæjarfulltrúi og formaður stjórnar
Fjórðungssambands Vestfirðinga.*

VÍKINGAÞORRABLÓT

17. FEBRÚAR Á GÍSLASTÖÐUM HAUKADAL DÝRAFIRÐI

BÓKANIR BILLA@SNERPA.IS

**ÖRFÁ SÆTI
LAUS**

VESTFIRSKIR LISTAMENN

Jón Eyþór Guðmundsson F. 5. janúar 1915 á Patreksfirði. D. 28. maí 2004 í Reykjavík. Öndvegisverk: Brúðuleiksýningarnar; Eldfærin, Grámann í Garðshorni, Skugga-Sveinn.

Ég gerði mína fyrstu brúðu þegar ég var 11 – 12 ára. Það var alger tilviljun hvernig ég kynntist leikbrúðugerðinni. Ég ólst upp á Patreksfirði. Þar var drengur sem hét Eggert Proppé í verslun Ólafs Jóhannessonar. Hann stóð þar eitt sinn á tröppunum með handbrúðu sem hann lét segja „Heilsaðu Jóni“. Þetta kveikti í mér.“ Seinna átti hinn heilsaði Jón eftir að verða brautryðjandi brúðuleikhúslistar á Íslandi. Þegar hann svo var við myndlistarnám í Kaupmannahöfn kom logi á kveikinn er hann sá brúðuleikhús fyrsta sinni og heimkominn stofnar hann Íslenska brúðuleikhúsið.

Loginn á kveikinn

Sumir eru lagnari en aðrir í höndunum og þegar sköpunin bætist við þá brýst listamaðurinn fram sé til þess áhugi. Þessi þrenna átti sannlega við hin vestríska listamann Jón Eyþór Guðmundsson því strax á unga aldri hafði hann ákveðið að þjóna listagjöfni. Hann átti ekki langt að sækja lagnina því faðir hans var smiður og þar byrjaði þetta allt hjá púkanum, einsog krakkar eru jafnan nefndir á Patreksfirði. Hafði hann þegar á unglingarárum sótti tíma í útskurði hjá alþýðulistamanninum Guðmundi frá Mosdal. 17 ára að aldri kveður hann heimaforðinn og heldur til borgarinnar við sundið, nema hvað það hefur jafnan verið leið þeirra er vilja sig mennta. Í Reykjavík sótti Jón teiknítíma hjá Marteini Guðmundssyni og þaðan lá svo leiðin í myndlistarskóla hinna listlögnu Finns Jónssonar og Jóhanns Briem. Faa hafði Jón aurana en listamönnum fannst hann svo efnilegur að þeir gáfu eftir skólagjöldin. Hann fær síðan styrk til að fara í myndlistarnám í Kaupmannahöfn. Í Danmörku hefur barnaleikhúslistin lengi staðið mjög sterkum fótum. Enda


var það einmitt þar sem Jón heillaðist fyrir alvöru af heimi brúðuleikhússins. Samnemandi hans bauð eitt sinn heim að skóla loknum og þegar þangað var komið skellti gestgjafinn í eitt stykki handbrúðuleiksýningu. Þarna var loginn kominn sem vantaði á kveikinn frá æskuárunum.

Fyrsta brúðuleikhús þjóðarinnar

Heimkominn bætir Jón við sig kennaraprófi í Handíða- og myndlistarskólanum og stundaði myndlistarkennslu næstu þrjá áratugi. Í nóvember 1954 stofnar hann síðan Íslenska brúðuleikhúsið. Fékk inni í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu og lagði upp með tvö brúðuleikhúsverk Rauðhettu annars vegar og hinsvegar Hans og Grétu. En hvernig fer sjálf brúðugerðin fram? Best að leita svara hjá brúðulistamanni þjóðarinnar:

„Þegar farið er af stað með sköpun brúða fyrir sýningu þarf fyrst að ákveða hvað skuli sýna og því næst hvernig brúður skuli gerðar. Ég vel yfirleitt strengbrúður, þær hafa meiri möguleika en handbrúður. Strengirnir eru stjórntæki þeirra og fjöldi þeirra, sem getur verið frá fjórum og uppí sextíu, segir til um hreyfigetuna. Þetta byggist allt á því hvað þær þurfa að gera. Ef það eru t.d. danshreyfingar þá þarf mikil liðamót. Ég hef aldrei verið hrifinn af handbrúðum – það er ekki hægt að láta þær tjá eins mikið, eða sýna hreyfingar einsog píanóleik.“

Var Jón allt í öllu í eigin brúðuleikhúsi, valdi og útfærði hvert verk, hannaði og gjörði allar brúður auk þess að sauma búninga. Síðast en ekki síst ljáði hann brúðunum líf. Eftir nokkur ár í brúðuleikhúsbransanum hér og þar um borg og landsbyggð. Fjárfesti hann í dulitlum skúr við Flyðrugranda og innrétaði sérstaklega sem brúðuleikhús. Austubæjarskóli þakkaði honum



kennslustarfið og færði leikhúsinu 30 stóla en meira tók leikhúsið ekki af gónendum. Setti síðan upp fast leiksvið og þar gjörðust galdarnir. Leiktjöldin voru úr svonefndu bleiugasi sem er þeim töfrum gætt að eigi sést sá er stendur fyrir aftan. Einmitt þar stóð brúðuleikarinn en hann gat þó séð í gegn um allt. Pallur var undir sviðinu sem hafði tvöfaldan tilgang því þar gat brúðuleikarinn hvort heldur staðið eða setið. Brúðuleikhúsið naut mikilla vinsælda og þangað skunduðu skólar borgarinnar, oft voru þrjár sýningar á dag. Það er ekki nokkur efi og löngu sannað og vitað að mikilvægt er æskunni að eiga jafnan aðgang að listum

á öllum skólastigum. Hið Íslenska brúðuleikhús átti um árabil stóran þátt í að bjóða æskunni vandað leikhús.

Jón fór margsinnis hringinn í kringum landið með brúðuleiksýningar sínar enda voru sum verkin sýnd miklu meir en hundrað sinnum. Brúðuverk hans var gífurlega viðamikilið en alls gerði Jón yfir 400 brúður á sínum ferli. Árið 1976 stofnaði hann Brúðubílinn. Sá var sannlega leikhús á hjólum og ferðaðist milli skóla með sýningar sínar. Brúðubifreiðina rak hann í þrjú ár en þá tók kollegi hans Helga Stephensen við stýrinu og hefur stýrt því listilega síðan. Eigi má gleyma Sjónvarpinu og þar starfaði

Jón mikið við fjölbreytt brúðuverk. Árið 1968 birtist í fyrsta sinn brúðan Fúsi flakkari. Hönnuður og stjórnanndi hennar var Jón sjálfur en röddina ljáði stórleikarinn Erlingur Gíslason. Víst er máttur sjónvarpsins mikill og vildi Jón meina að brúður hins íslenska sjónvarps hafi stutt mjög grundvöll og skilning á brúðuleikhúslistinni hér á landi.

Elfar Logi Hannesson
Aðalheimild:
Ópið hús. Leikminjasafn Íslands,
2007.

Magnús Leópolddsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001



Gott framboð af áhugaverðum jörðum og tækifærum í ferðapjónustu

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is

- www.fasteignamidstodin.is

nettoline
STYRKUR - ENDING - GÆÐI



HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRETTINGAR



Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum



ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.



GOTT SKIPULAG

Það getur verið mikil kúnst að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Friform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.



VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

OPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

 **Friform**
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

Yfirlýsing frá VesturVerki

VesturVerk ehf á Ísafirði, sem undirbýr gerð Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði á Ströndum, vill koma á framfæri leiðréttingum vegna fréttaflutnings og annarrar umfjöllunar í fjölmiðlum um skýrsluna „Comparison of High Voltage Cables with Existing Overhead Lines to Increase Energy Security in the Westfjords of Iceland“ sem kynnt var af Landvernd í gær.

Í fréttatilkynningu Landverndar er fullýrt að skýrslan sýni að Hvalárvirkjun geri ekkert til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum. Þetta er rangt. Hvalárvirkjun og ný flutningsmannvirki tengd henni munu skipta sköpum fyrir raforkuöryggi á Vestfjörðum. Forsenda fyrir auknu raforkuöryggi í fjórðungnum er aukin orkuframleiðsla á svæðinu. Undir það taka Landsnet, Orkubú Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga fyrir hönd vestfirskra sveitarfélaga. Því nær sem orkuuppsprettan er notandanum því öruggari er tengingin til notandans vegna styttri flutningsleiða.

Í skýrslunni er einvörðungu lagt mat á raforkuöryggi út frá tveimur ólíkum kostum í flutningi á raforku – með loftlínunum eða með jarðstrengjum.

Ekkert mat er lagt á virkjanakosti á Vestfjörðum eða fyrirætlanir VesturVerks um flutning raforku frá Hvalárvirkjun. Hvergi er minnst á með hvaða hætti Hvalárvirkjun mun tengjast flutningskerfi Landsnets. Skýrsluhöfundur nefnir Hvalárvirkjun einungis í einni málsgrein í innangi skýrslunnar og setur þar fram þá skoðun sína að með loftlínunum muni Hvalárvirkjun litlu bæta við raforkuöryggi svæðisins. Þessi skoðun er ekki frekar rökstudd og ekkert efnislegt mat lagt á getu Hvalárvirkjunar til að tryggja raforku til Vestfirðinga.

Hvalárvirkjun verður tengd með jarðstreng yfir Ófeigsfjarðarheiði yfir í tengimannvirki við Ísafjörðardjúp. Meðal valkosta er að flytja orkuna þaðan með sæstreng yfir Ísafjörðardjúp og leggur Fjórðungssamband Vestfirðinga áherslu á þá leið. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa gert þá kröfu að Vestfirðir verði hringtengdir í gegnum nýjan afhendingarstað í Ísafjörðardjúpi með tengingu til Kollafjarðar og til Ísafjarðar. Sú sviðsmynd er ekki skoðuð í skýrslunni.

Kostnaður við lagningu tæplega 200 km rafstrengs í jörðu er í skýrslunni áætlaður um 20 milljarðar íslenskra króna. Engar nýjar tekjur munu hljóta af því einu og sér að leggja raflagnir Landsnets og Orkubús Vestfjarða í jörðu og því vandséð að sá kostnaður verði greiddur af öðrum en hinu opinbera.

Við veitum fúslega allar frekari upplýsingar í þessum efnum og væntum þess að fá tækifæri til að skýra okkar sjónarmið og leiðrétta rangfærslur á sama vettvangi og fjallað var um ofangreinda skýrslu.

Með vinsemi,
Gunnar Gaukur Magnússon
framkvæmdastjóri



VINNUEFTIRLITIÐ



Frumnámskeið

Haldin verð tvö samhlíða námskeið á Ísafirði, annað á íslensku og hitt á pólsku.



Frumnámskeið í stjórn og meðferð eftirtalinna tækja:

- ◆ Lyftara með allt að 10 tonna lyftigetu.
- ◆ Fjölnotatækja/smávéla, s.s. gröfur og ámokstursskóflur, allt að 4 tonna eigin þyngd.
- ◆ Dráttarvéla með tækjabúnaði.
- ◆ Hleðslukrana með allt að 18 tm lyftigetum, körfukrana og steypudælukrana.
- ◆ Valtara, útlagningarvéla (malbikunarvéla) og vegfræsara.

Verður haldið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða,
Suðurgötu 12, Ísafirði, ef næg þátttaka fæst
Dagana, 14, 15 og 16. febrúar 2018
kl. 09:00-16:00 alla dagana.

Skráning í síma: 550 4655 eða 550 4600, eða á: www.vinnueftirlit.is, netfang: gts@ver.is



KEF GUESTHOUSE

Ertu á leiðinni til útlanda og ætlar að geyma bílinn þinn uppi á flugvelli?
Veistu að fyrir tvær vikur borgar þú 15.400 kr.

Með því að bóka herbergi hjá Kef Guesthouse er **innifalið í verðinu geymsla á bílnum, skutl til og frá flugvelli og morgunmatur**. Frá október og fram í maí eru tveggja manna herbergin hjá okkur á 12.500 kr.

Hafðu samband í síma **588 9999** og bókaðu þína nótt.



MARÁS



FRÍÐRIK A.
JÓNSSON ehf.

YANMAR
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite
electric



Poly Flex
AUSTRALIA



Navalloy™



MAESTRINI




SIMRAD

Dýptarmælar og ratsjár

Chirp breiðbands dýptarmælir.
G3-, G4-, Halo- og HD Digital ratsjár.
Hraðvalstakkar auðvelda vinnu.
Einfaldar aðgerðir.

Einfalt valmyndakerfi.
Góð litastýring á skjá.
Innfellt eða standandi.
9" eða 16" skjáir



Marás ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 555 6444 - www.maras.is

Friðrik A. Jónsson ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 552 2111 - www.faj.is

Þorrrablót í Súðavík

Um síðustu helgi var haldið 79. þorrrablótið í Súðavík í íþróttahúsinu. Blótið var mjög vel sótt og mættu um 140 manns. Margt var til skemmtunar og fluttur var annáll þorpsins og kennd þar ýmissa grasa. Að blóti loknu hófst dansleikur þar sem Þórunn og Halli spiluðu og sungu og héldu uppi fjörinu.

Eins og myndirnar bera með sér skemmtu blótsgestir sér vel og áttu saman góða kvöldstund.



Sköpunarkrafturinn býr innra með okkur. Við leitumst við að móta umhverfi okkar eftir eigin smekk og þörfum til að öðlast samhljóð og jafnvægi í daglegu lífi.

Silestone býður þér upp á fjölbreytta nálgun við þessa tjáningu þegar þú vilt móta nýtt eldhús eða baðherbergi á persónulegan hátt. Silestone er fánlegt í fjölbreyttum áferðum og litum. Silestone býður einnig upp á borðplötur með varanlegri bakteríu- og sveppavörn.

Gefðu heimilinu ferskleika og líf á þínum forsendum með Silestone.

www.silestone.com



Steinsmiðjan

Rein

Sníðum að þínum þörfum

R

Steinsmiðjan Rein - Viðarhöfða 1 - 110 Reykjavík - Sími 566 7878 - www.rein.is





Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm, með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum world of trailers



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMÍÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Umboðsaðili fyrir **SKYJACK** **VICARIO** **niftylift** á Íslandi

MEÐ HVADÁ LÍÐI HELDUR ÞÚ Í ENSKA?

NIFTY 170 ER FRAMLEIDD Í *MILTON KEYNES Á ENGLANDI





NIFTY 170

VINNUHÆÐ 17,1 METRAR

4.750.000 kr. + vsk

Vinnulyftur ehf.
Sími 519 2210
vinnulyftur@niftilyft.is
www.niftilyft.is



niftylift

*Milton Keynes Dons eða MK Dons eru nú í 21. sæti
1. deildarinnar á Englandi.



VINNULYFTUR

SÍÐAN 1993